



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Nefndasvið Alþingis
c/o allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/329
komudagur 22.11.2011

Reykjavík, 21. nóvember 2011.

Tilvísun yðar: Þskj. 26 – 26. mál, 140. löggjafarþing.

Efni: Umsögn Landssambands lögreglumanna um tillögu til þingsályktunar um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu.

Vísað er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar frá 3. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Landssambands lögreglumanna (LL) um ofangreinda þingsályktun. LL er fylgjandi því að innanríkisráðuneytinu verði falið að leggja fyrir Alþingi frumvarp sem veiti lögreglu sambærilegar heimildir og lögregla í öðrum norrænum ríkjum hefur til að rannsaka og grípa til fyrirbyggjandi aðgerða gegn skipulagðri glæpastarfsemi (forvirkar rannsóknarheimildir).

LL hefur í allmörg ár tala fyrir nauðsyn þess að lögreglan á Íslandi hafi slíkar heimildir. Skapa þarf skýran lagaramma um heimildirnar og tryggja eftirlit óháðra aðila til að nauðsynleg sátt skapist um verklagið.

Að öðru leyti þá tekur LL heilshugar undir þau sjónarmið sem sett eru fram í greinargerð tillögunnar en leggur áherslu á að vinnu innanríkisráðuneytisins verðir hraðað í framhaldinu.

F.h. LL

Steinar Adolfsson, framkvæmdastjóri